

# GJALDSKRÁ

Hrunaljós

1. Almennt

Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Hrunaljóss í Hrunamannahreppi. Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

2. Áskriftargjald

Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 2.480 + vsk.

3. Gjöld fyrir breytingar

Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfis miðju Hrunaljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 3.245,- auk vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.

3. Tengigjald nýrra notenda

Dreifbýli: Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald kr. 202.000 + vsk auk því sem næst raunkostnaðar við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsaðverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.

Þéttbýli: Fyrir nýja tengingu í þéttbýlinu á Flúðum greiðist kr. 32.000 + vsk.

4. Leiga á ljósþráðum innan kerfisins

Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loflínu á milli staða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytinga á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru á án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	5.715,-
2	7.143,-
3	8.572,-
4	10.001,-

5. Aðstöðuleiga í tækjarými á Flúðum

Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Hrunaljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarými á Flúðum skv. neðan greindu:

1 skáparými	37.413,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	18.706,- pr. mánuð auk vsk

Hrunaljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

4. Önnur ákvæði.

Hrunaljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar.

Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í tengingar í sumarhúsaahverfum nema náist um 60% þátttaka í hverfinu.

Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdir byrja en heimilt er að dreifa greiðslu þeirra í 8 mánuði.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum 1. jan. ár hvert skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskrá þessi var kynnt í veitustjórn þann 6. janúar 2020 og síðan samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 9. janúar 2020 og tekur gildi 9. janúar 2020 gildi og fellur þá úr gildi eldri gjaldskrá frá 7. nóvember 2019.

f.h. Hrunaljóss

9. janúar 2020

---

Jón G. Valgeirsson